

Nd.

189. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta var afgreitt á fundi nefndarinnar 5. þ. III. á þann veg, „að málið hafi ekki fengið nægan undirbúning“ og þar með sæi nefndin sér ekki fært að leggja með því, að það næði fram að ganga. Ég var ekki á fundi nefndarinnar þegar málið var afgreitt, og er algerlega ósamþykktur þeirri afgreiðslu, er það fékk.

Eftir beztu heimildum, sem ég hefi fengið, þá er hér um að ræða mikla nauðsyn á því, að sem fyrst sé hafizt handa gegn þeirri hættu, sem lendingunni á Eyrarbakka stafar af sandburði, er berst inn á leguna frá mynni Ölfusár. Virðist svo, að eftir nokkur ár verði engum flutningaskipum fært að liggja á legunni innan skerja, vegna þess að á legunni gryn timer svo mjög vegna sandburðarins. Þegar svo er komið, má telja, að Eyrbekkingar séu útilokaðir frá því að geta flutt að sér og frá sjóleiðina, því ógerningur má það teljast að afgreiða skip utan skerja. Undirbúningur sá, sem þegar er hafinn, miðar að því, að hlaða varnargarð gegn sandburði úr Ölfusá. Hafa þegar verið gerðar mælingar og athuganir um kostnaðaráætlun um verkið. Með þessum garði er það talið tryggt, að legunni á Eyrarbakka stafi engin hættu af sandburði framur úr þeirri átt, og er það ekki lítið öryggi fyrir skipakomur og flutninga frá og til Eyrarbakka eins og nú standa sakir. Ég lít því svo á, að því fyrr sem byrjað er á þessum framkvæmdum, þess minni eyðilegging verður á þessari gömlu hafskipalegu þeirra Eyrbekkinganna. Af þessum ástæðum legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1931.

Sigurjón Á. Ólafsson.